



# Ársskýrsla 2022

Bókasafn Menntavísindasviðs

Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands er sérhæft safn á sviði menntavísinda og þeirra faggreina sem kenndar eru á sviðinu. Á árinu var unnið samkvæmt stefnu safnsins en þar er einkum lögð áhersla á uppbyggingu safnkosts sem styður við nám, kennslu og rannsóknir, og kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi.

## Safnkostur og aðföng

Safnkostur bókasafns Menntavísindasviðs er fjölbreyttur. Innlend og erlend fræðirit, kennslubækur og handbækur vega þyngst, en safnið hefur einnig að geyma fagurbókmenntir og fræðirit á flest öllum fræðasviðum. Sérstök áhersla er lögð á varðveislu og aðgang að ritum um íslensk uppeldis- og menntamál. Bókasafnið býður aðgang að margvíslegu rafrænu efni, svo sem gagnasöfnum, rafrænum tímaritum og bókum, bæði með séráskriftum og í gegnum landsaðgang.

Tafla 1 Aðföng árin 2019-2022

Aðföng	2019	2020	2021	2022
Bækur, keyptar	439	365	614	503
Rafbækur, keyptar	43	70	94	75
Bækur, gjafir	105	84	188	76
Bækur/skýrslur, rafrænar (oa)		30	152	25
Námshöggn - grunnskólaefni*	208	60		
Námshöggn - skráðar rafbækur		124	15	8
<b>Bækur alls</b>	<b>795</b>	<b>733</b>	<b>1063</b>	<b>687</b>
<b>Nýsigögn</b>	<b>0</b>	<b>21</b>	<b>28</b>	<b>3</b>
Tímarit, pr. áskrift	61	44	38	38
Tímarit, gjafir	5	12	13	12
Tímarit, rafræn og pr. áskr.	11	11	12	12
Tímarit eingöngu rafræn áskr.	11	10	11	11
<b>Tímarit alls</b>	<b>88</b>	<b>77</b>	<b>74</b>	<b>73</b>
Greinar í IRIS/Opnum vísindum	21	77	69	96
Doktorsritgerðir í IRIS/Opnum vísindum	5	3	7	8
Bækur í IRIS/Opnum vísindum	1	0	0	2
Bókarkaflar í IRIS/Opnum vísindum	4	17	3	27
Ráðstefnugreinar í IRIS/Opnum vísindum		4	0	2
Skýrslur í Opnum vísindum		7	2	
Annað/IRIS				9
<b>IRIS/Opin vísindi alls</b>	<b>31</b>	<b>108</b>	<b>81</b>	<b>144</b>
Lokaverkefni í grunnnámi í Skemmumni	158	175	173	218
Lokaverkefni í meistaranámi í Skemmumni	132	143	95	78
<b>Skemman alls</b>	<b>290</b>	<b>318</b>	<b>268</b>	<b>296</b>
<b>Samtals:</b>	<b>1204</b>	<b>1257</b>	<b>1514</b>	<b>1203</b>

(Tölur í sviga eiga alls staðar við árið 2021)

Ný aðföng teljast alls 1.203(1.514) og þau eru ýmist skráð í Gegni, Opin vísindi eða Skemmuna. Samkvæmt uppgjöri Gegnis voru 753(896) eintök og 472(641) titlar skráðir inn í kerfið á árinu og miðast sú tala við áþreifanleg eintök eða eintakatengingar. Þar af eru 174(159) tímaritshefti. Inn í þessar tölur vantar upplýsingar um rafrænt efni sem skráð er í Gegni á vegum safnsins og eðli málsins samkvæmt er ekki eintakatengt. Má þar nefna rafbækur, námsefni grunnskóla, skýrslur og rit um menntamál sem opin eru á vef. Þá vantar inn í þessar tölur skráningu einstakra bókarkafla og tímaritsgreina sem skráðar voru í Gegni en ekki eintakatengdar. Tölur úr Gegni gefa því ekki alveg rétta mynd af nýjum aðföngum safnsins. Þá eykst ár frá ári, aðgangur að rafrænu efni í opnum aðgangi sem ekki er skráð sérstaklega. Afskráð eintök samkvæmt Gegni voru 2.535(4.636).

Ný aðföng í Opnum vísindum/IRIS voru 144(81) og í Skemmuna bættust við 296(268) lokaverkefni.

Árlega berst safninu fjöldi gjafa, yfirleitt frá starfsmönnum sviðsins eða öðrum velunnurum. Alls hafa 56(70) starfsmenn og doktorsnemar lagt inn 141(169) beiðnir vegna kaupa á nýju efni.

### **Safnkostur**

Eintakaeign safnsins samkvæmt Gegni er við árslok 83.660(85.764) og heildarfjöldi titla er 49.031(50.623). Hér er átt við áþreifanleg eintök.

Bókasafnið á að auki nokkur hundruð rafbækur. Þá má bæta við að dágóður fjöldi bóka á sviði menntavísinda eru aðgengilegar í gegnum rafbókapakka frá Springer, sem keyptur er í landsaðgangi. Einnig er fjöldi gagnlegra rafbóka aðgengilegar á háskólanetinu í gegnum séráskriftir bókasafns Menntavísindasviðs og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Má þar nefna OECD iLibrary, Cambridge Core, Ebook Central, SAGE Research Methods, Oxford Scholarship Online og Oxford Handbooks Online.

Í Skemmuna eru skráðir í árslok 5.355(5.032) titlar undir Menntavísindasvið, sumir þeirra eru einnig skráðir í Gegni<sup>1</sup>. Frá árinu 2007 til ársloka 2021 hafa 4.956(4.633) lokaverkefni nemenda á Menntavísindasviði verið vistað þar að meðtöldum doktorsverkefnum, og er aðgangur opin að þeim flestum. Þar hafa einnig verið vistaðar 399 greinar og skýrslur eftir kennara sviðsins, sem birtar hafa verið í tímaritum og ráðstefnuritum.

Í Opnum vísindum/IRIS hafa undir Menntavísindasviði, verið vistaðar 462(318) færslur frá 2017 þegar varðveislusafnið var tekið í notkun, þar af 385(260) tímarits- og ráðstefnugreinar eftir kennara, 51(24) bókarkaflar, níu skýrslur, fimm(þrjár) bækur og 30(22) doktorsverkefni.

### **Útlán og notkun**

Heildarfjöldi útlána og endurnýjana á heimildum í prentformi voru 15.910(18.616). Eftir að nýtt bókasafnskerfi var tekið í notkun er lánþegaskráin sameinuð skrá Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

---

<sup>1</sup> Skráningu lokaverkefna í Gegni var hætt 2017

Aukin notkun á rafráttum, rafrænum skýrslum, lokaverkefnum og greinum í opnum aðgangi, landsaðgangi og á háskólanetinu er ekki inni í áðurnefndum útlánatölum. Ekki eru til tölulegar upplýsingar um notkun á handbókum og öðrum safnkosti eins og tímaritum sem ekki fara í gegnum útlánakerfið, en hún er talsverð. Aðgangur að rafráttum hefur aukist mikið ekki síst fyrir tilstilli kaupa Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns á rafráttapökkum sem opnir eru á háskólanetinu. Bókasafn Menntavísindasviðs er með samning við Proquest<sup>2</sup> um kaup á rafráttum og í lok árs voru þær orðnar 219(146). Bækurnar hafa verið lesnar á vef 1.292(1361) sinnum, þeim hefur verið hlaðið niður í heild sinni 173(78) sinnum og einstaka köflum hefur verið hlaðið niður 248(389) sinnum. Þá voru prentaðar 4.846(6.553) síður og 341(273) afritaðar. Notendur voru 333(295). *Handbook of Parenting* er lang mest notuð eða 477 sinnum. Safnið hefur að auki aðgang að 179(178) rafráttatitlum í gegnum EbscoHost. Bækurnar hafa verið lesnar alls 367(389)sinnum, meðal annars 298(311) sinnum á vef og 49(78) köflum hefur verið hlaðið niður. Útdrættir hafa verið skoðaðir 415(514) sinnum. Notkun rafráttu keyptum frá EbscoHost hefur minnkað milli ára, enda lítið keypt inn frá þeim af nýjum bókum.

Upplýsingar liggja ekki fyrir um notkun á efni Menntavísindasviðs í Skemmuni.

Á síðasta ári voru sóttar 2.481(2.820) greinar í heildartexta úr 7 tímaritstitlum sem keyptir eru rafrænt í séráskriftum<sup>3</sup> frá Taylor&Francis, þar af voru 1.602 lesnar af vef og 788 af PDF. Mest notuðu tímaritin frá Taylor&Francis eru *Disability & Society* og *European Early Childhood Education Research Journal*. Frá Taylor&Francis voru lesnar um 21.000(16.000) greinar úr um 334(230) tímaritum sem tengjast sviði menntamála, leikskólafræði, fötlunarfræði, íþrótt- og heilsufræði, auk 3.206 greina í 197 tímaritum í opnum aðgangi<sup>4</sup>. Lesnar voru 548<sup>5</sup>(532) greinar úr 21(21) áskriftartímariti<sup>6</sup> á sviði íþrótt- og heilsufræða frá Human Kinetics, en þar af voru 73 greinar útgefnar í opnum aðgangi<sup>7</sup>. Hlaðið niður<sup>8</sup> var 130 greinum úr 10 áskriftartímaritum, þar af voru 72 í opnum aðgangi. Lesnar voru sjö og hlaðið niður sex greinum úr tveimur tímaritum að auki sem eru í opnum aðgangi. Mest notuðu tímaritin frá Human Kinetics eru *Journal of Sport Rehabilitation* og *International Journal of Sport Nutrition and Exercise Metabolism*. Ekki liggja fyrir tölur yfir notkun annarra rafrænna tímarita sem keypt eru í séráskrift, svo heildarnotkun er meiri. Ekki er heldur mögulegt að fá nákvæmar tölur frá Landsaðgangi að rafrænum áskriftum um hversu margar greinar voru sóttar á IP-tölur Menntavísindasviðs.

Samkvæmt Gegni voru *Netla* (2. sæti) og *Tímarit um uppeldi og menntun* (7. sæti) meðal 10 mest notuðu rafrænu tímaritanna hjá Háskóla Íslands.

Heimsóknir á leiðarvísa safnsins voru 4.291 á árinu. Mest sóttu leiðarvísarnir voru, *Nýjar bækur á Menntavísindasviði*, *Heimildaskráning – EndNote Online*, *Rafrætur Menntavísindasviðs* og *Tímarit hjá Menntavísindasviði*. Af námsgreinaleiðarvísunum voru flestar heimsóknir á *Uppeldis og menntunarfræði*, *Tómstunda- og félagsmálafræði* og *Grunnskólakennarafræði*.

---

<sup>2</sup> Total Item Investigations 5612 (lestur) – Total Items Requests 3890 (niðurhal)

<sup>3</sup> Notkunartölur fyrir rafrænt efni miðast við IP-tölur HÍ, ekki Menntavísindasviðs eingöngu

<sup>4</sup> Gold OA

<sup>5</sup> Total Item Investigations

<sup>6</sup> Séráskriftir + Landsaðgangur

<sup>7</sup> Hybrid tímarit

<sup>8</sup> Total Item Requests

## Millisafnalán

Innleiðing á nýju bókasafnskerfi tengdu Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, gerir það að verkum að snúið er að aðgreina millisafnalán safnanna. Ekki liggja fyrir upplýsingar um millisafnalán á fyrri hluta ársins (gamli Gegnir) en beiðnir á síðari hluta ársins virðast vera um 50. Millisafnalán fyrir Menntavísindasvið hafa undanfarin ár verið um 100.

## Notendafræðsla og upplýsingaþjónusta

Upplýsingafræðingar veita upplýsingaþjónustu í afgreiðslu safnsins. Þar geta viðskiptavinir safnsins fengið leiðsögn án fyrirvara og kennslu um heimildaleitir og heimildaskráningu. Einnig er boðið upp á notendafræðslu, námskeið og kynningar um heimildaleitir almennt, leitir.is, einstök gagnasöfn, tímaritaskrá háskólabókasafna og EndNote. Einstök námskeið eða kynningar eru löguð að ákveðnum markhópum.

Enginn ákveðinn starfsmaður hafði umsjón með notendafræðslu fram í apríl, veturinn 2021-22. Boðið var því upp á færri námskeið og kynningar en ella hefði verið. Frá hausti var um 820(535) nemendum boðið upp á notendafræðslu samhliða í kennslustofu og fjarkennslu. Einnig þáði fjöldi nemenda einstaklingsaðstoð varðandi EndNote, heimildaleitir og leiðbeiningar um gagnasöfn.

Þá var boðið upp á kynningar á IRIS fyrir kennara, á deildarfundum og einnig vinnustofur.

## Gestir

Undanfarin ár hafa gestir á safni verið taldir í nokkrar vikur í senn að vori og hausti. Sóttvarnaraðgerðir síðustu ára hafa haft áhrif á talningar. Engin talning var á fyrri hluta árs en talið var í staðlotu í október og þrjár vikur í nóvember. Gestum hefur fjölgað síðan árið á undan en ekki náð þeim fjölda sem var fyrir Covid. Meðalfjöldi við talningu fyrir kl. 16 á daginn, var 18,3. Ársmeðaltal síðustu árana fyrir Covid var frá 18,7-24,5. Yfirleitt eru fleiri gestir á haustin en vorin.

## Rafbókasafn

Segja má að árið 2022 hafi verið ár innleiðinga.

Vefur safnsins (bokasafn.hi.is) fékk nýtt útlit í júlí. Vefur safnsins er lykillinn að safnkostinum með tenglum í leitir.is, leidarvisar.is og ýmis gagnasöfn. Auk þess hefur hann að geyma upplýsingar um afgreiðslutíma, þjónustu og ýmsar leiðbeiningar.

Um miðjan júní var nýtt bókasafnskerfi (Alma frá ExLibris) formlega tekið í notkun. Næstu vikurnar fóru í að læra á kerfið, fylgjast með námskeiðum og fikra sig áfram. Nýja kerfið hefur í för með sér miklar breytingar og segja má að með því sé stigið fyrsta skrefið í átt að sameiningu bókasafns Menntavísindasviðs og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, því nú er safnkostur safnanna

sameinaður í einum safnkjarna í kerfinu. Á sama tíma var opnuð ný leitargátt lbs.leitir.is fyrir sameiginlegan safnkost.

IRIS (Icelandic Research Information System) var formlega opnað í júní. Kerfið er upplýsingakerfi um rannsóknir íslenskra háskóla og stofnana og rekið af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, en Mennta- og menningarmálaráðuneytið keypti kerfið og fól safninu rekstur og umsjón þess. Kerfið safnar víðtækum upplýsingum um rannsóknarverkefni og styrki og tengir því saman þjónustu bókasafna sem sjá um rannsóknarafurðirnar og rannsóknarþjónustu háskóla sem hefur umsjón með öðrum þáttum kerfisins.

Bókasafnið dreifir einnig gagnlegum upplýsingum og áhugaverðu efni á og Facebook-síðu safnsins. Fylgjendur síðunnar eru um 1.500. Þá heldur safnið úti hópvef á Facebook, *Rit eftir starfsmenn Mvs* með um 100 fylgjendum þar sem kynnt er nýtt efni eftir starfsmenn.

## Starfsmenn

Um áramót voru starfandi á bókasafninu sex starfsmenn í 4,75 stöðugildum. Starfsmenn safnsins eru Gunnhildur Björnsdóttir forstöðumaður (100%), Anna Kristín Hannesdóttir, skjölun og skráning (100%), Anna Jóna Lýðsdóttir, flokkun og skráning (50%), Helgi Sigurbjörnsson, millisafnalán, skráning, vefur, IRIS og OJS útgáfa Mvs (100%), Anna Bjarnadóttir, notendafræðsla (50%) og umsjón með IRIS (50% hjá Menntavísindastofnun) og Elín Helgadóttir, rukk, tímarit og afgreiðsla (75%).

## Samstarf

### **Háskólabókasöfn**

Samstarf íslenskra háskólabókasafna á sér langa sögu og starfsmenn bókasafnsins taka þátt í ýmsu samstarfi þeirra á meðal. Tveir stjórnendafundir háskólabókasafna voru haldnir á árinu og mótuð var sameiginleg upplýsingalæsisstefna fyrir háskólabókasöfn. Þá fékkst styrkur frá bókasafnsráði til að útbúa sameiginlegan kennsluvef safnanna um notendafræðslu og upplýsingalæsi, en bókasafnið á fulltrúa í vinnuhópi um upplýsingalæsi. Fulltrúar frá safninu er í samráðshópi um rafbækur og verkefnisstjórn Skemmunar og Írisar/Opinna vísinda. Allir þessir hópar funda reglulega.

Bókasafnið á fulltrúa í stjórn Aleflis – notendafélags Gegnis, bókasafnaráði og í bókasafnshóp NUAS (Det Nordiska Universitets Administratörs Samarbetet). Bókasafnshópur NUAS hefur fundað reglulega í gegnum fjarfundabúnað og haldið eina vefráðstefnu á árinu.

### **Ritver og kennarar**

Bókasafnið hefur átt gott samstarf við ritver um námskeið og kynningar. Einnig við ýmsa kennara sviðsins um kennslu í upplýsingalæsi inni á námskeiðum, oft í tengslum við verkefnavinnu og í samræmi við viðmið um æðri menntun og prófgráður.

### **Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs)**

Samstarf við Lbs-Hbs hefur verið aukið og markviss undirbúningur fyrir sameiningu safnanna hófst á árinu. Fyrsti formlegi sameiningarfundurinn var haldinn í lok apríl. Starfsmönnum safnsins voru

kynntar tillögur um væntanlega sameiningu og fóru í framhaldinu í skoðunarferð um Lbs-Hbs. Í nýju bókasafnskerfi sem innleitt var í júní 2022 voru söfnin sameinuð í einn safnkjarna og þau halda úti sameiginlegum vef með leiðarvísunum ýmis konar.

### **Menntamálastofnun**

Bókasafnið fær eintök af öllu efni útgefna af Menntamálastofnun og í samvinnu við stofnunina er á safninu standandi sýning á námsefni sem notað er í grunnskólum. Bókasafnið varðveitir einnig allt eldra námsefni grunnskóla. Þá hafa fulltrúar Menntamálastofnunar komið og kynnt nemendum, í samstarfi við starfsfólk safnsins, námsefni grunnskóla í tengslum við ákveðin námskeið. Bókasafnið hefur í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn yfirumsjón með skráningu á námsefni grunnskóla og skráning á rafrænu grunnskólaefni hefur eingöngu verið í höndum bókasafns Menntavísindasviðs.

### **Samstarf við heimaskóla**

Tengiliðir í heimaskólum, grunn- og leikskólum, geta fengið aðgangskort að bókasafninu án endurgjalds. Fáir hafa nýtt sér þá þjónustu.

## **Dagbók**

Bókasafnið hefur tekið þátt í verkefnavöku Háskólans frá upphafi 2013, í samvinnu við ritver og að auki hin síðari ár, bókasöfn HÍ og námsráðgjöf. Verkefnavaka HÍ gegn frestunapest og ritkvíða, var haldin 24. mars í Þjóðarbókhöfðu.

Dregið hefur mikið úr ásókn í hefðbundna vikuleigu á lesherbergjum fyrir einstaklinga. Í lok nóvember var lesherbergi 3 breytt í lítið hópvinnuherbergi sem hentar fyrir þrjá. Safnið býður því nemendum nú upp á tvö hópvinnuherbergi og tvö einstaklingsherbergi. Öll herbergin er hægt að leigja hluta úr degi í senn.

Í dymbilviku barst safninu liðsauki þegar vélmennið Fjardís tók að sér ýmis afgreiðslustörf á safninu og vakti almenna lukku.

## Mynd 1 Fjardís að störfum



Jólagleði Upplýsingar var haldin í safninu í lok nóvember, og vill svo skemmtilega til að á sama tíma voru 20 ár síðan safnið flutti í núverandi húsnæði í Hamri.

## Mynd 2 Jólagleði Upplýsingar





### **Ráðstefnur, fundir og námskeið**

Starfsmenn safnsins sóttu að vanda, ýmsa viðburði á árinu, að mestu í gegnum fjarfundabúnað. Að venju; morgunkorn Upplýsingar, fræðslufundi skrásetjara, misserisþing og fræðsludag stjórnsýslu. Einnig fjölda vinnustofa í tengslum við innleiðingu á nýju bókasafnskerfi og vefvinnustofur og ráðstefnur á vegum NUAS. GB sótti ráðstefnur LIBER (Association of European Research Libraries) í Óðinsvéum og ARLIS/Norden (Art Libraries Society Norden) í Oslo.

### **Sýningar og kynningar**

Að venju voru kynningar fyrir nýliða og nýnema í upphafi vor- og haustannar. Að vanda var stillt upp ýmsu efni, meðal annars námsefni í íslensku og gömlum lestrarkennslubókum.

Sýningin *Tíðarandi í teikningum, myndskreytingar í íslenskum námsbókum á 20. öld*, var áfram uppi í bókasafni og víðar í húsnæði Menntavísindasviðs á árinu. Á sýningunni eru frumrit myndverka sem ýmsir listamenn hafa unnið fyrir íslenskar námsbækur. Sýningin var upphaflega samstarfsverkefni Menntamálastofnunar, Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs og hefur síðan 2019 farið víða um landið.

## **Covid 19 og starfsemi bóksafnsins**

Ný Covid-bylgja hófst í byrjun árs og starfsmenn unnu eitthvað heima fyrstu vikurnar en mjög fljótlega komst starfsemin í hefðbundið horf. Gestafjöldi og útlánatölur hafa þó ekki náð því sem var fyrir faraldurinn.